



THE
LUTHERAN
WORLD
FEDERATION

A Communion
of Churches

Bætur á tímum kórónuveirunnar

Guð, huggari okkar og læknir. Allt mannkyn er ein stór fjölskylda í uppnámi þjökuð af ótta og veikindum, sýn henni miskunn þína. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Hjálpa okkur meðan kórónuveiran dreifir sér um allan heim. Lækna hin sjúku og styð og vernda fjölskyldur þeirra gegn smiti. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Gef okkur anda kærleiks og sjálfsábyrgðar svo við sameinumst um að koma böndum á kórónaveiruna og eyða henni. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Við biðjum um styrk og baráttuþrek gagnvart smitsjúkdómum sem við getum tekið höndum saman um að uppræta – malaríu, beinbrunasótt, eyðni/alnæmi og (setja inn heiti upphátt eða í hljóði...) og sem valda þjáningu og oft dauða fjölda fólks um allan heim. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Lækna sjálfhverfu okkar og skeytingarleysi sem láta okkur eingöngu hafa áhyggjur af því að veiran ógni okkur sjálfum, Opna leiðir handan við tregðu okkar og ótta sem láta okkur alltof oft horfa fram hjá náunga okkar. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Gef styrk og staðfestu öllum þeim sem starfa við opinbera heilbrigðisþjónustu og í læknávisindum, sjúkraliðum, hjúkrunarfólki, læknum, aðstoðarfólki við umönnun, og þeim öllum sem sinna þörfum hinna sjúku og fjölskyldna þeirra. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Við biðjum þig að gefa þeim innblástur, sköpunaranda og von sem nú stunda rannsóknir á veirunni með það markmið að finna og þróa mótefni sem hjálpar og bjargar. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Varðveit og styð öll þau sem tapa lífsviðurværi sínu á meðan faraldurinn gengur yfir, vegna lokana vinnustaða, og landamæra, einangrunar, sóttkvíar og annarra hindrana. Vernda og varðveit þau öll sem þurfa að ferðast. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Leiðbein leiðtogaum þjóðanna til að segja sannleikann, hindra útbreiðslu rangra upplýsinga, og gjöra það aem rétt er svo að mannkyn allt megi öðlast lækningu. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Lækna okkar heim, lækna okkar líkams, styrk hjörtu okkar og huga, og gef okkur í óróleikanum miðþjum von og frið. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Umfaðma þau öll sem látist hafa og í dag deyja í þínum kærleiksörmum Hugga ástvini þeirra í örvæntingunni. Guð, við áköllum þig,

Heyr þá bæn, ó, Guð!

Guð, Minnstu í kærleika þínum alls mannkyns, og allrar sköpunarinnar.

Amen.